



Tilraunaverkefni

Búseta háskólanema í
þjónustuíbúð fyrir aldraða

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir

Verkefnastjóri- Deild gæða og rannsókna

Forsaga verkefnisins

Á fundi velferðarráðs haustið 2017 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata fram tillögu um að:

- *Að farið væri í tilraunaverkefni með að bjóða háskólanemum að leigja tvær þjónustuíbúðir í þjónustukjörnum fyrir aldraða.*
- *Leigan væri án þjónustugjalda og hússjóðs gegn 40 tíma vinnuframlagi á mánuði sem greitt verði fyrir.*

Tillagan var samþykkt.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Markmið verkefnisins

- Að draga úr einmannaleika meðal aldraðra.
- Skapa vettvang til samskipta á milli kynslóða.
- Virkni nemanna átti að fela í sér eftirfarandi þætti:

Samneyti við íbúa á almennum nótum.

Bjóða upp á námskeið sem miðuðu að því að örva og efla íbúana í ýmis konar færni.

Veita einstaklingsmiðaðan félagslegan stuðning við ákveðna íbúa sem eru sérlega einmanna og einangraðir og sem síst geta tekið þátt í hópastarfi.

Háskólanemarnir áttu að vera viðbót við það starfslið sem sinnir umönnun í þjónustuíbúðunum og framlag þeirra átti fyrst og fremst að vera af félagslegum toga.



VERKEFNIÐ HEFST

- Verkefnið var auglýst í Fréttablaðinu þann 13. janúar og á samfélagsmiðlum þann 15. janúar 2018.
- 17 umsóknir bárust deildarstjóra heimaþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.
- Nemi í kynjafræði og tímstunda –og félagsmálafræði flutti inn og hóf störf í þjónustuíbúðarkjarnanum á Norðurbrún 1 í mars 2018.
- Nemi í hugbúnaðarverkfræði flutti inn og hóf störf í þjónustuíbúðarkjarnanum í Lönguhlíð 3 í lok febrúar 2018.



Framkvæmd úttektar

- Viðtöl við forstöðumenn á Norðurbrún og í Lönguhlíð átti sér stað í mars 2019.
- Viðtöl við nemana áttu sér stað í lok mars og byrjun apríl 2019.
- Tveir rýnihópafundir voru haldnir með íbúum á Norðurbrún og í Lönguhlíð:
 - Átta íbúar mættu á fundinn á Norðurbrún.
 - Sex íbúar mættu á fundinn í Lönguhlíð.



Niðurstöður úttektar



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Almenn upplifun af verkefninu

Samkvæmt viðmælendum gekk tilraunaverkefnið á heildina mjög vel.

- Verkefnið vakti almenna ánægju meðal íbúa og starfsmanna.
- Vera nemanna vakti jákvæða athygli frá utanaðkomandi aðilum.
- Samstarf við nemanna var að mati forstöðumanna ánægjulegt.
- Nemarnir stóðu fyrir viðburðum sem annars hefðu ekki verið í boði.
- Nemunum fannst áhugavert að fá að vera þátttakandi í samfélagi eldri borgara.
- Sveigjanleikinn í starfinu hentaði nemunum vel.



Verkefni nemanna

Verkefni nemanna voru fjölbreytt.

- Þeir stóðu annarsvegar fyrir margvíslegum viðburðum.
- Hins vegar voru þeir stuðningur og félagsskapur við íbúa.
- Forstöðumenn sögðu nemana hafa náð að virkja íbúa, t.d. þegar þeir voru með viðburði en mæting á þá var almennt góð.
- Einnig hafði vera nemanna jákvæð áhrif á þá íbúa sem voru félagslega einangraðir.



Upplifun íbúa af nemunum

- Íbúar lýstu nemunum m.a. sem jákvæðum, rólegum, hlýjum, kurteisum og brosmildum.
- Þeir sögðu nemana tilbúna til að spjalla og aðstoða.
- Íbúarnir vonuðust til að hafa gefið nemunum innsýn í heim eldri borgara.
- Íbúar sögðust hafa getað leitað til nemans í Lönguhlíð á ákveðnum tímum þegar hann var með skráða viðveru.
- Nefnt var að neminn hefði stýtt íbúum stundir með viðveru sinni og að hann kenndi þeim m.a. á nýja síma og tölvur.



Tækifæri til umbóta samkvæmt viðmælendum



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



**Kanna þarf
þörf hjá íbúum
fyrir
félagsskap og
stuðning áður
en neminn
flytur inn og
hefur störf**

(Skv. forstöðumanni)



**40 tíma
vinnuframlag
er of mikið**

(Skv. nemunum og
forstöðumönnum)

**Þörf er á að
skilgreina
betur hvaða
aðstoð
nemarnir fá
eftir að þeir
flytja inn og
hefja störf**

(Skv. nemum og
forstöðumönnum)



**Það væri ágætt
ef verkefnið
byði upp á að
tveir
vinir/nemar
byggju og
storfuðu
saman á
stöðunum**

(Skv. nemunum)





Óundirbúin fjölmiðla- umfjöllun

(Skv. nemunum og
forstöðumönnum)



Gera mætti
lista yfir
verkefni
nemans á
hverjum stað
fyrir sig

(Skv. nema)

Almenn
viðvera
nemanna
mætti vera
meiri

(Skv. rýnihóp)



Það hefði mátt
ráðfæra sig
betur við íbúa
og þeir
upplýstir fyrr í
ferlinu

(Skv. rýnihóp)

